

Faghópur 2
6. áfangi rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða
3. fundur, 4.03.2026, kl. 15:00-16:30
Fundur haldinn í netheimum

Mætt: Agnes Brá Birgisdóttir (ABB), Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Bryndís Marteinsdóttir (BM), Einar Torfi Finnsson (ETF), Gunnar Þór Jóhannesson (GPJ), Hjörleifur Finnsson (HF), Hlynur Bárðarson (HB) og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ)

Fundarritari: SSJ

Fundur settur kl. 15:00

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt með breytingum.

2. Frá verkefnisstjórn
ÁHT fór yfir stöðuna.

- a. Erindi frá verkefnisstjórn um flokkun 9 vindorkuhugmynda úr RÁ5 m.t.t. frumvarpsdraga um sérreglna um vindorku. Samkvæmt formanni verkefnisstjórnar dugar að horfa bara á 4 vindorkuhugmyndir af þessum 9, þ.e. Garpsdal, Hnotastein, Sólheima og Hrutavirkjun. Landsnet hefur lagt fram minnisblað um tengsl Hnotasteins við raforkukerfið og hefur verkefnisstjórn óskað eftir því að Landsnet leggi fram samskonar greiningu fyrir hinar vindorkuhugmyndirnar.
- b. Afturköllun friðlýsinga – endurmat 8 virkjunarhugmynda úr RÁ2 og/eða afmörkun svæða sem friðlýst voru gegn orkuvinnslu. Ekki skýrst frekar frá síðasta fundi.

3. Veganesti frá faghópi 2 í síðasta áfanga

SSJ fór yfir tillögur að rannsóknaverkefnum sem faghópur 2 í RÁ5 lagði fyrir þáverandi verkefnisstjórn í febrúar 2025. Umræður um tillögurnar. Samþykkt að ÁHT leggi þær fyrir og ítreki við verkefnisstjórn á sameiginlegum fundi hennar og faghópa sem áformaður er 27. mars n.k. ÁHT mun setja sig í samband við Önnu Dóru Sæþórsdóttur fyrrum formann faghópsins og kanna hvort einhver hreyfing sé á þessum verkefnum á öðrum vígsstöðum og hvort til séu kostnaðaráætlanir um þau.

4. Verklag og aðferðir

Umræður um verklag og aðferðir faghóps 2 varðandi mat á áhrifum virkjunarhugmynda á ferðamennsku og útivist, hvað gæti þurft að skerpa á og skoða betur. Stefnt að því að taka einnig svona umræðu um mat á áhrifum á landbúnað og veiðinytjar á næstu fundum. Einnig ákveðið að gera þrúfum á einni virkjunarhugmynd til að koma nýju fólki betur inn í aðferðafræðina.

5. Önnur mál

- a. Greiðslur og tímaskráningar. ÁHT mun senda faghópnum tímaskráningar fyrir helgi til samþykktar.
- b. Þann 17. febrúar afgreiddi Alþingi breytingar á lögum um rammaáætlun. Stefnt að því að fara yfir þær á næsta fundi.
- c. Fundir framundan. ÁHT lagði til drög að fundardagskrá fyrir fundi fram að sumarfríi.

Fundi slitið kl. 16:30